

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2020, mánudaginn 20. janúar, var haldinn 34. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Bárubúð og hófst kl. 14.04. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Geir Finnsson, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Hildur Guðmundsdóttir, Björg G. Gísladóttir og I. Jenný Ingudóttir. Fundinn sat einnig Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fundarplan ofbeldisvarnarnefndar fyrir 2020 lagt fram til kynningar og umræðu.
2. Fram fer kynning á bæklingi um hinsegin og heimilisofbeldi. Svandís Anna Sigurðardóttir tekur sæti undir þessum lið.
3. Fram fer kynning á bæklingi um forvarnir og viðbrögð við ofbeldi í íþróttum sem unninn af IBR. Jóna Hildur Bjarnadóttir og Birta Björnsdóttir taka sæti undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á verkefni um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Styrkur að upphæð 25 millj. kr. var veittur í þetta verkefni af Evrópusambandinu. Birta Björnsdóttir og Benedikta Sörensen taka sæti undir þessum lið.
5. Úttekt á íþróttafélögum m.t.t. jafnréttis. Minnisblað dags. 16. janúar 2020 sem fjallar m.a. um úttekt á þremur íþróttafélögum sem gerð var 10. október 2016 lagt fram til kynningar og tillaga um úttekt lögð fram til afgreiðslu.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi tillögu:

Jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum var gerð 2016. Í þeirri úttekt kom fram að jafnréttisstefnur voru ekki nægilega virkar innan þeirra. Í kjölfarið hefur verið unnið með hverfisíþróttafélögum og þau hvött til að standa betur að jafnréttisstarfi. Samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir hönd borgarinnar við íþróttafélögin eiga Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélögin í Reykjavík að sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Ofbeldisvarnarnefnd telur mikilvægt að taka upp þráðinn aftur og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera úttekt á jafnréttismálum innan þriggja hverfisíþróttafélaga í Reykjavík. Meðal þess sem kannað verði er hvort þau séu með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og hvernig fjármagn félagsins skiptist á milli kynjanna. Jafnframt verði skoðuð þátttaka þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til í starfi félaganna. Skoðað verði hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanirnar séu og hvernig eða hvort þær eru kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum iðkenda í yngri aldurshópum.

Mannréttindaskrifstofu er falið að útfæra nánar úttektina og velja félögin með slembiúrtaki. Úttektin taki til annarra íþróttafélaga en voru skoðuð 2016.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundi slitið kl. 16:10

Heiða Björg Hilmisdóttir

Geir Finnsson
Hildur Guðmundsdóttir
Björg G. Gísladóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
I. Jenný Ingudóttir